

## Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um matvöruverslun á Bauhaus-reit

Lagt er til að ráðist verði í breytingu á aðalskipulagi sem heimili rekstur matvöruverslunar á reit M9c (Bauhaus-reit) sem er á skilgreindu miðsvæði við Lambhagaveg-Vesturlandsveg. Nú er óheimilt að vera með matvöruverslun á umræddum reit samkvæmt aðalskipulagi.

### Greinargerð

Grafarholt og Úlfarsárdalur eru ört vaxandi hverfishlutar og þar búa nú um níu þúsund manns. Íbúar hverfisins hafa lengi óskað eftir því að sköpuð verði skilyrði fyrir rekstri stórverslunar með lágu vöruverði og miklu vöruúrvali í hverfishlutanum.

Bauhaus-reiturinn (M9c) er ein stærsta atvinnulöð borgarinnar. Samkvæmt aðalskipulagi er heimilt að byggja 3-4 þúsund fermetra atvinnuhúsnæði á lóðinni til viðbótar því sem þegar hefur verið byggt þar, en þó ekki matvöruverslun. Eigendur Bauhaus hafa hug á því að nýta lóðina undir matvöruverslun en hafa hingað til ekki fengið heimild borgarinnar til þess vegna stífra skilyrða í aðalskipulagi.

Sjálfsgagt er að Grafhylltingar og Úlfdælingar njóti nútímaverslunarháttá og þurfi ekki að leita langt yfir skammt eftir nauðsynjum. Er því rétt að þeir hafi aðgang að stórverslun með miklu úrvali og lágu vöruverði eins og íbúar annarra hverfa borgarinnar. Miðað við skipulag hverfisins hentar Bauhaus-reiturinn best fyrir slíka starfsemi. Tilkoma slíkrar verslunar á reitnum myndi fela í sér mikla þjónustubót fyrir íbúa Grafarholts og Úlfarsárdals.